Elna Katrín Jónsdóttir

Minnisblað um erlent samstarf, stjórn KÍ, ágúst 2010.

Kannanir og rannsóknir

Survey on the impact of the economic crisis on the Social Dialogue in Education.

KÍ tók nýlega þátt í könnun ETUCE á áhrifum kreppunnar á samskipti stéttarfélaga kennara og skólastjórnenda við vinnuveitendur og stjórnvöld. Spurt var um stöðu mála á öllum þremur skólastigunum[1] sem KÍ er fulltrúi fyrir m.a. um fjármögnum skólastarfs, ákvarðanir um þróun fjárveitinga s.s. niðurskurð, ákvarðanatöku um hann og samskiptamáta um ákvarðanir s.s. samráð, tilkynningar, möguleika til að hafa áhrif á ákvarðanir og slíkt. Spurt var sundurliðað um áhrif niðurskurðar og þrenginga á starfstæður kennara s.s. áhrif á laun, vinnutíma, vinnu utan skóla, ólaunaða yfirvinnu, aðgang að símenntun, fjölda nemenda á hvern kennara og lífeyrisgreiðslur í nútíð og framtíð. Enn var spurt um viðbrögð KÍ á árunum 2008-10 gagnvart stjórnvöldum, um samskipti aðila á vinnumarkaði og um hlutverk AGS (einnig framkvæmdastjórnar EB og Alþjóðabankans sem skiptir eftir atvikum máli annars staðar). Félög innan KÍ lögðu ásamt hagfræðingi sambandsins, formanni og varaformanni til efni í svör sem síðasttaldi aðilinn notaði síðan til þess að svara könnuninni endanlega.

Early Childhood Education: A Global Scenario. (skýrslan er birt á ki.is undir skólamál og svo kannanir og rannsóknir)

Í júní sl. birti Education International skýrslu sérstaks starfshóps um rannsókn/úttekt á leikskólastarfi í aðildarlöndum EI víðsvegar um heiminn. Starfshópurinn sem Haldis Holst, varaformaður Utdanningsforbundet í Noregi og einn af varaformönnum EI stýrði starfaði skv. samþykkt heimsþings EI í Berlín 2007. Starfið byggir á skoðun og stefnu EI þar sem m.a. er lögð áhersla á að leikskólaganga ungra barna sé mannréttindamál, að leikskólaganga sé mikilvæg fyrir þroska og velferð allra barna og myndi grunn að frekara námi og velferð. Ennfremur að aðgangur allra barna að góðu leikskólastarfi sé meðal mikilvægra mennta- og velferðarmarkmiða samtakanna. Valin voru 17 lönd í 4 heimsálfum og gerð úttekt fyrir hvert land á 1) lykilstærðum s.s. þátttöku barna á leikskólaldri og tímalengd leikskólagöngu þeirra, 2) stefnu um leikskóla, framkvæmd hennar og löggjöf um málaflokkinn, 3) aðgangi og gæðum leikskólastarfs, starfsfólki, s.s. kynjaskiptingu, menntun og starfskjörum og loks 3) á helstu áskorunum og viðfangsefnum.

EI segir að þrátt fyrir að leikskólastarf sé víða í sókn og vaxandi skilningur sé á mikilvægi leikskólagöngu fyrir öll börn séu framfarir hægfara og ójafnar bæði innan einstakra ríkja og á milli landa. Ennfremur er bent á að stór hluti leikskólageirans (svokallaður child care hluti) sé einkarekinn og utan við lög og reglur á lands- eða sveitarfélagagrunni og þar sé menntun og starfsþjálfun starfsmanna í löku horfi og uppeldisfræðileg stefna og starfsáætlanir dragi dám af því.

[1] Hugtakið Pre-primary sem í skilningi KÍ er leikskóli (0-skólaskylda) er í ýmsum aðildalöndum ETUCE aðeins notað frá 3 ára til skólaskyldu eða jafnvel frá 5 ára aldri. Framhaldsskólastigi er hefðbundið skipt í bóknám og starfsnám (VET) en svarað sem heild af hálfu KÍ vegna skipulags náms hér.

Starfshópurinn tilgreinir sem takmarkanir m.a. skort á upplýsingum um leikskólastigið og takmarkaðan tíma til að vinna verkið við þau skilyrði sem ríktu við gerð úttektarinnar.

Starfshópurinn gagnrýnir áherslu OECD (2006) á mikilvægi leikskólastarfs í þeim tilgangi að konur geti verið á vinnumarkaði sem aftur þjóni þeim tilgangi að auka hagvöxt. EI leggur ríka áherslu á þýðingu leikskólastarfs sem vegarnestis fyrir öll börn út í lífið, sem lið í því að auðvelda þeim og létta frekari skólagöngu og efla félagsþroska þeirra en einnig sem tæki til þess að berjast gegn fátækt og auka jöfnuð.

Helstu ályktanir sem dregnar eru af úttektinni eru þessar:

1. Margir og mismunandi aðilar móta stefnu um og starfrækja leikskóla og fjármögnun starfsins er marbreytileg og mismunandi bæði innan og milli landa.
2. Lágt hlutfall barna á leikskólaaldri í þróunarlöndunum kemst í leikskóla.
3. Skortur er á menntuðum leikskólakennurum í mörgum löndum.
4. Hlutfall karlmanna í stéttinni er innan við 10% í heildina.
5. Starfskjör leiksskólakennara eru oft eða víða lakari en kennara á öðrum skólastigum. Sums staðar tengist það minni menntunarkröfum en alls ekki alls staðar.
6. Gæði leikskólastarfs eru almennt lakari í drifbýli en í borgum og bæjum.
7. Starfsfólk leikskóla er almennt ekki í stéttarfélögum (fagstéttarfélögum) í mörgum löndum.

Nokkrar af tillögum starfshópsins til EI um athugunar- og úrbótaefni:

1. Brúa þarf bilið milli child-care og kindergarten education í mörgum löndum. Eða m.ö.o. þarf að fjalla um málefni leikskólagöngum 0-skólaskyldra barna í heild en ekki aðskilið eins og víða tíðkast.
2. Bæta þarf aðgang barna að leikskólum í öllum löndunum sérstaklega barna frá lágtekjuheimilum, barna frumbyggja og barna úr minnihlutahópum.
3. Koma þyrfti reglu á barnafjölda á hvern starfsmann og gæðaviðmið. Hvorttveggja í því skyni að skapa lágmarksviðmið innan og á milli landa.
4. Brýnt er að auka menntunar- og starfsþjálfunarkröfur til leikskólakennara og annarra starfsmanna leikskóla í mörgum löndum.
5. EI þarf að hamra á því og halda fram hvar og hvenær sem færi gefst að leikskólaganga sé mannréttindamál fyrir öll börn og að opinber stefna sé alls staðar til um málaflokkinn í heild.
6. Stórefla þarf rannsóknir á leikskólastiginu.

Ekki verður farið nákvæmar yfir einstök efnisatriði eða úttektir á einstökum löndum hér en bent á skýrsluna sjálfa á ki.is.

EIE/ETUCE samstarfsvettvangurinn

Starfsemi Evrópudeildar EI og ETUCE – breytt lög og skipulag í augsýn.

Samstarfsvettvangur aðildarfélaga EI og ETUCE í Evrópu sem nefnist Pan European Committee og kemur saman tvisvar á ári hefur staðið í ströngu undanfarna mánuði. Kemur það til af því að nokkrar atrennur hefur þurft til þess að koma um kring nauðsynlegum lagabreytingum sem hafa það meginmarkmið að steypa þessum tveimur stofnunum endanlega saman í eina Evrópudeild alþjóðasamtaka kennara undir nafninu ETUCE. Fjallað var um málið á haustfundi PEC 2009, á aðalfundi í Varsjá í nóvember sama ár þar sem lagabreytingatillögur stjórnar voru felldar, á vorfundi í mars 2010 og aukafundi í júní sl. Er nú svo komið að samkomulag er í nánd og aukaaðalfundur hefur verið boðaður 22. nóvember n.k. þar sem endurbættar tillögur verða bornar upp til samþykktar eða synjunar. Líklegt verður að telja að nú hafi deilur verið settar niður þannig að breytingarnar nái fram að ganga. Verði það er úr sögunni sá tvíverknaður sem óhjákvæmilegur hefur verið á meðan PEC hefur starfað sem regnhlíf yfir tvenn samtök sem þó allan tímann hafa haft sömu félagsmennina. Minna má á að Norðurlandablokkin var klofin í málinu og unnu bæði Danmörk og Finnland ákaft gegn samþykkt lagabreytingatillagna stjórnar á aðalfundinum í Varsjá ásamt ýmsum löndum einkum í Suður-, Mið og Austur- Evrópu. Noregur og Svíþjóð, engilsaxneska blokkin, Þýskaland og helmingur af Frakklandi auk margra fleiri landa stóðu þétt saman um tillögur stjórnar. Þess má geta að núverandi framkvæmdastjóra ETUCE, Martin Römer hefur allan tímann staðið til boða að taka að sér starf svokallaðs regional director yfir nýju Evrópudeildinni og má vera að það verði ofan á. Deilur stóðu m.a. um sjálfstæði Evrópudeildarinnar annars vegar og um að lögin þyrftu að samrýmast lögum EI hins vegar. Þeim málum hefur verið ráðið til lykta en einnig verður að ætla að hagsmunir m.a. tengdir ítökum í starfsemi EB á sviði menntamála og stéttarfélagsmála hafi ráðið einhverju um deilurnar.

Þess má vænta að eftir breytingarnar komist að nýju á vinnufriður til þess að vinna að þeim mörgu málum sem eru á dagskrá samtakanna s.s. að leitast við að hafa áhrif á menntastefnu og skólastarf hvarvetna í Evrópu, að hafa áhrif á starfsemi EB sem og stjórnvalda í einstökum löndum á sviði menntamála, varðandi kennara, störf þeirra og menntun og á sviði stéttarfélaga m.a. samskipta stéttarfélaga og vinnuveitenda þeirra. Ekki má heldur gleyma mikilvægi rannsóknastarfs á vegum samtakanna sem og margvíslegri fræðslu- og samráðsstarfsemi s.s. með því að halda ráðstefnur og þing og með því að setja á laggirnar vinnuhópa um sérstök málefni og halda úti fastanefndum t.d. á sviði háskólamenntunar og á sviði jafnréttismála.